

Breyting á staðsetningu seiðaeldisstöðvar Laxós á Árskógssandi Dalvíkurbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 17. júlí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Laxós ehf. um breytingu á staðsetningu seiðaeldisstöðvar fyrirtækisins á Árskógssandi í Dalvíkurbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Laxós, sjógönguseiðastöð á Árskógssandi, Eyjafirði. Matsskyldufyrirspurn. Laxós ehf. júlí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Dalvíkurbyggð dags. 14. september 2023,
- Hafrannsóknastofnun dags. 22. september 2023,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 25. júlí 2023,
- Matvælastofnun dags. 9. ágúst 2023,
- Minjastofnun Íslands dags. 17. ágúst 2023,
- Orkustofnun dags. 29. september 2023,
- Umhverfisstofnun dags. 18. ágúst 2023,
- Vegagerðinni dags. 21. september 2023.

Ekki barst umsögn frá Fiskistofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 5. og 27. september og 10. og 31. október 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Þann 31. ágúst árið 2017 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að fyrirhuguð seiðaeldisstöð Laxóss við Árskógssand skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nú hefur fyrirtækið tilkynnt Skipulagsstofnun um breytingu á fyrri áformum.

Fyrri áform gerðu ráð fyrir smáseiðaeldisstöð á lóð við Öldugötu 31 á skilgreindu athafnasvæði og stórseiðaeldisstöð á landfyllingu austan við höfnina í Árskógssandi. Breytt áform felast í færslu stórseiðaeldisstöðvar af landfyllingu og yfir á lóðir við Öldugötu nr. 33 og 35.

Þá gerðu fyrri áform ráð fyrir því að öflun á fersku vatni færi fram á þremur svæðum (svæðum A, B og C skv. fyrri matsskyldufyrirspurn) en nú er eingöngu fyrirhugað að afla ferskvatns á svæði A sem staðsett er á bökkum Þorvaldsdalsár um 1,5 km frá ströndu.



Ferskvatnspörf stöðvarinnar er áætluð 180 l/sek en sú breyting hefur verið gerð frá fyrri áformum að koma fyrir svokölluðu RAS-kerfi í seiðaeldisstöð sem gerir kleift að endurnýta vatn betur en fyrri áform gerðu ráð fyrir. Fyrirhuguð öflun á fersku vatni verður tvískipt. Annars vegar felast áformin í að bora eftir grunnvatni og hins vegar felast áformin í að koma fyrir vatnsbrunni og drenlagn á bökkum árinna og er ætlunin að vatn úr ánni síist í gegnum malarjarðveg um drenlagn. Fyrirhugað er að bora tilraunaholu til að meta vatnsgæfni og í kjölfarið verði boruð vinnsluhola í samvinnu við Orkustofnun. Umfang grunnvatnsvinnslu ráðist svo af niðurstöðu úr tilraunaborun. Vonast framkvæmdaraðili til að geta unnið að lágmarki 20 l/sek af grunnvatni úr borholu sem er ferskvatnspörf seiðaeldisstöðvar. Öflun vatns í gegnum drenlagnir er hugsuð bæði til þrautarvara ef ekki fæst nægt vatn úr borholu auk þess að vera ætlað að sjá stórseiðaeldisstöð fyrir fersku vatni. Verði ekki unnt að vinna grunnvatn úr borholum verður vatn frá drenlögnum sótthreinsað fyrir smáseiðaeldisstöð.

Vinnsla á fersku vatni mun ráðast af rennsli Þorvaldsdalsár hverju sinni. Óháð því hvort vatn komi úr borholum eða ekki þá verður vatnstaka á svæði A aldrei meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:

Vatnsrennsli Þorvaldsdalsár (lítrar á sekúndu)	Hámark vatnstöku (lítrar á sekúndu)
> 1.000	180
800-1.000	100
700-800	80
600-700	60
500-600	40
< 500	20

Tafla 1. Vatnsrennsli Þorvaldsdalsár og hámark vatnstaka miðað við rennsli

Sem fyrr segir er lágmarkspörf smáseiðaeldisstöðvarinnar fyrir ferskt vatn 20 l/sek og mun stórseiðaeldisstöðin þurfa að notast við sjó í meira magni með minnkandi rennsli í ánni.

Gert er ráð fyrir að öflun sjávar fyrir sjógönguseiðastöðina verði með þeim hætti að komið verði fyrir brunnum ásamt drenlögnum á sjávarbotni u.þ.b. 2-3 m undir lægstu sjávarstöðu. Auk þess er gert ráð fyrir sjóinntaki lengra frá landi. Gert er ráð fyrir að taka að hámarki 220 l/sek af sjó.

Gert er ráð fyrir að heitavatnspörf verði 13 l/sek í stað 27 l/sek líkt og áður var áformað.

Fyrirkomulag fráveitu og losun frá eldinu verði með sama hætti. Að öðru leyti mun framkvæmdin verða í samræmi við þau áform sem kynnt voru við fyrri málsmeðferð til ákvörðunar um matsskyldu.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Laxós ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif vatnstöku á rennsli og lífríki Þorvaldsdalsár

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. mælingunum um 2 km upp með ósum Þorvaldsdalsár að rennsli árinna nái mest u.þ.b. 50.000 l/sek yfir sumartímann og fari minnst í um 400 l/sek yfir vetrartímann. Fremur lítið sé í ánni yfir vetrartímann og þá eigi vatnsmagnið til að sveiflast í kring um 1.000 l/sek en á þeim tíma sé vatnið afar kalt og lítið lífrænt að gerast í ánni þar sem hraði efnaskipta lífvera sé í algjöru lágmarki en leysni súrefnis í vatninu í algjöru hámarki. Áin sé fátæk af fiski, enda meðalhitastig lágt og ekki sé náttúrulegur villtur laxastofn í Þorvaldsdalsá og lítið hafi sést af bleikju síðustu ár fyrir neðan foss. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda fiska sem veiðst hafa í ánni síðustu ár og ekki tókst að finna haldbærar upplýsingar um veiði í ánni.



Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur lítið gert úr lífríki Þorvaldsdalsár og tilvist þess í gögnum framkvæmdaraðila, en sú breyting sem gerð sé frá fyrri áformum sé í samræmi við fyrri athugasemdir og verði að teljast til minnkunar á umhverfisáhrifum. Engu að síður telur stofnunin að ástæða sé til að meta grunnástand lífríkis í Þorvaldsdalsá og mælist eindregið með að gerð verði rannsókn á fiskstofnum á fiskgenga hluta Þorvaldsdalsár svo meta megi hvað þar geti verið í húfi. Gera þurfi athugun á seiðaástandi árinna og öðru lífríki og á það við um tegundasamsetningu og þéttleika fiska og smádýra. Einnig töku og greiningu á erfðaefni fiska sem þá myndi einnig nýtast til viðmiðunar vegna síðari vöktunar. Með innblöndun erfðaefnis af eldisstofnum geta komið fram áhrif á íslenska laxa en sýnt hefur verið fram á að innblöndun eldislaxa hefur haft í för með sé breytingar á villtum laxastofnum. Þrátt fyrir búnað á frárennsli og góð fyrirheit er sú hættu fyrir hendi að lifandi fiskar sleppi frá seiðaeldisstöðvum. Reynslan hér á landi hefur sýnt að svo sé í einhverjum mæli. Það svæði sem um ræðir í Eyjafirði hefur ekki áður verið nýtt til eldis á norskum eldislaxi og þarf að huga að áhrifum þess sérstaklega. Hafrannsóknastofnun telur að ástæða sé til að meta grunnástand lífríkis í Þorvaldsdalsá.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar bendir framkvæmdaraðili á umfangsmikla rannsókn á lífríki Þorvaldsdalsár, sem framkvæmd var árin 2007 og 2008¹. Þar komi fram að skilyrði í Þorvaldsdalsá henti bleikjuseiðum ágætlega en bæði urriða- og laxaseiði þurfa meiri vatnshita og leiðni til að þrífast vel við slíkar aðstæður. Rafveitt var í Þorvaldsdalsá á nokkrum stöðum haustið 2007 og fannst töluvert af sjóbleikjuseiðum fyrir neðan foss og staðbundnum bleikjuseiðum og eldri bleikju fyrir ofan foss. Bleikjuseiði virðast dafna nokkuð vel í ánni, en aðeins eitt laxaseiði veiddist í þessari rannsókn. Bendir framkvæmdaraðili á að erfitt sé að sjá að það sé sértæk þörf til að rannsaka lífríki Þorvaldsdalsár umfram t.d. lífríki annarra áa sem renna í Eyjafjörð eða á landsvísu. Staða lífríkis í ánni sé nokkuð ljós og útilokað að seiði sleppi frá stöðinni sem verður búin þreföldu öryggi til að seiði geti ekki sloppið. Framkvæmdaraðili telur rökrétt að ganga út frá að seiði frá stöðinni geti aldrei komist í ána og að vatnstöku áætlun fyrirtækisins ef rennsli í Þorvaldsdalsá fer niður fyrir 400 l/sek, tryggi að vatnstakan muni ekki geta haft neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Áhrif frárennslis á viðtaka

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að frárennislögn verði lögð um 20 til 80m út fyrir stórstraumsfjöru niður á 6 til 8m dýpi. Gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að lágmark 50% af lífrænum úrgangi verði fjarlægður úr frárennslivatninu og fari í söfnunartank og að hámarki 50% úrgangi fari í hafið. Þekkt sé að úrgangur frá fiskeldi geti haft staðbundin áhrif á nærumhverfi sitt ef magn úrgangs sé meira en burðarþol viðtaka ræður við en hafi jafnan jákvæð áhrif ef magnið sé undir mörkum burðarþols viðtaka. Enn fremur sé þekkt að neikvæðra áhrifa gætir fyrst á því svæði sem úrgangurinn kemur í viðtakan og þynnist svo út eftir því sem fjær dragi.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að vakta vatnsgæði og lífríki á frárennslissvæði eldisstöðvarinnar. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er gert ráð fyrir að meta ástand út frá stöðu lífríkis á viðkomandi vatnshlot. Mikilvægt sé að lífríki við frárennsli sé vaktað og að það viðhaldi góðu ástandi. Beitt verði viðurkenndum aðferðum við mælingar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að tekin verða botnsýni á nokkrum stöðum á svæðinu þar sem frárennslíð yfirgefur frárennislögnina og gert ráð fyrir að sett verði upp vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun gagnvart mögulegum áhrifum úrgangs frá umræddu frárennsli. Endanleg lengd og staðsetning frárennslis verður ákveðið í samvinnu við Umhverfisstofnun við útfærslu starfsleyfisins.

¹ Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, 2007. *Rannsóknir á seiðastofnum í Þorvaldsdalsá*



Áhrif á landnotkun og ásýnd

Fyrirhuguð uppbygging eldisstöðvar er áformuð á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem athafnasvæði, þ.e. svæði þar sem fyrst og fremst er gerð ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum svo og verslunum með fyrirferðarmikinn varning, sem síður á heima í miðbæ eða á verslunar- og þjónustusvæðum. Fyrirhuguð vatnstaka og lagnaleið er innan svæðis sem er skilgreint í aðalskipulagi sem hverfisverndarsvæði vegna sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.

Í umsögn Vegagerðarinnar bendir stofnunin á að vatnsleiðsla muni liggja undir og meðfram Árskógssandsvegi 808. Sækja þurfi um leyfi fyrir öllum lögnum innan veghelgunarsvæðis þjóðvega en Árskógssandsvegur er stofnvegur og veghelgunarsvæði 30 m frá miðlínu vegar til beggja átta. Sækja þurfi um leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Á það við þótt framkvæmdir eða mannvirki séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Áhrif á menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé um að ræða fornminjar á þeim lóðum sem hér um ræðir. Um framkvæmdir gildir tilkynningarskylda um áður ókunnar minjar sbr. lög um menningarminjar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemd við breytta staðsetningu en ítrekar að öðru leyti fyrri umsögn frá árinu 2017, þar sem kom fram að mikilvægt væri að nýta upplýsingar um fornleifar á svæðinu þegar endanleg ákvörðun um legu vatnslagna verður ákveðin. Að því gefnu að samráð verði haft við Minjastofnun Íslands um legu vatnslagna frá vatnstökustöðum að seiðaeldisstöðinni telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Framkvæmdin er í ósamræmi við deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis á Árskógssandi, Dalvíkurbyggð dags. 18. nóvember 2016. Gera þarf breytingu á skipulaginu vegna lóða við Öldugötu 31, 33 og 35, þar sem fyrirhuguð áform samræmast ekki skilmálum deiliskipulagsins er varðar afmörkun lóða, afmörkun byggingarreita, nýtingarhlutfalls og fl.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Dalvíkurbyggðar í samræmi við skipulagslög og reglugerð um framkvæmdarleyfi og lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um fiskeldi, leyfi Orkustofnunar til nýtingar á grunnvatni og leyfi til nýtingar á jarðhita skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Framkvæmdaraðili þarf að eiga samráð við Minjastofnun Íslands um legu vatnslagna frá vatnstökustöðum að eldisstöð, sbr. umsögn Minjastofnunar Íslands.



6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingu á staðsetningu seiðaeldisstöðvar fyrirtækisins á Árskógssandi í Dalvíkurbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði sem varða framkvæmdina sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar og verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Eins og fram hefur komið er hér verið að fjalla um breytingar á áformum framkvæmdaraðila frá því sem boðað hafði verið og fjallað um í matsskylduferli árið 2017, og afstaða tekin til hugsanlegra áhrifa þessara breytinga á mismunandi umhverfisþætti.

Varðandi öflun ferskvatns hefur framkvæmdaraðili sett fram áætlun um vatnstöku sem gerir ráð fyrir því að vatnsrennsli í Þorvaldsdalsá verði vaktað og vatnstöku hagað eftir rennsli í ánni, en með því að endurnýta vatn muni vatnspörf seiðaeldisins við lágrennsli verða mest 20 l/sek. Endanleg skipting á vatnstöku úr borholu og drenlögnum mun verða ákveðin í kjölfar tilraunaborunar í samráði við Orkustofnun. Eldri áform gerðu ráð fyrir að öflun á fersku vatni færi fram á þremur stöðum (A, B og C) á bökkum Þorvaldsdalsár en er nú eingöngu gert ráð fyrir vatnsöflun á einum stað (A). Breytingin er til þess fallinn að full áhrif vatnstöku komi fram á stað A, sem er ofar í ánni en B og C, í stað þess að áhrifin aukist í þrepum. Þar af leiðandi má áætla að breytt áform leiða til meiri breytinga á rennsli árinna en fyrri áform. Skipulagsstofnun telur að breytt fyrirkomulag hafi minniháttar áhrif og að með hliðsjón af fyrirhugaðri vatnstökuáætlun þá eru áformin ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á lífríki Þorvaldsdalsár.

Varðandi fráveitu liggur fyrir að framkvæmdaraðili mun í samráði við Umhverfisstofnun koma á vöktunaráætlun, auk þess framkvæmdaraðili mun ákveða endanlega staðsetningu frárennslis í samráði við stofnunina. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að frárennsli verði útfært á þann hátt að þynning verði sem mest og að áhrif á lífríki við frárennsli stöðvarinnar verði vöktuð í samráði við leyfisveitendur, að öðru leyti eru áform framkvæmdaraðila óbreytt frá fyrri áformum og telur Skipulagsstofnun að með boðuðu samráði við Umhverfisstofnun að fyrirhuguð losun fráveitu í viðtaka ekki líkleg til þess að hafa umtalsverð áhrif á lífríki á hafsbotni.

Engin vatnsverndarsvæði eru í grennd við framkvæmdasvæðið en á áhrifasvæði framkvæmdarinnar eru grunnvatnshlotið Árskógssand og straumvatnshlotið Þorvaldsdalsá 1 og strandsjávahlotið Eyjafjörður. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal tryggja að ástand vatnshlota versni ekki. Með hliðsjón af áformaðri vöktun og vatnstökuáætlun telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhugaðar breytingar verði til þess að ástand vatnshlota versni.

Helsta breyting frá fyrri áformum er staðsetning sjögönguseiðastöðvar en nú er gert ráð fyrir að koma henni fyrir á svæði sem skilgreint er fyrir athafnastarfsemi í skipulagi í stað þess að koma henni fyrir á landfyllingu. Skipulagsstofnun telur viðbúið að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér staðbundið rask á gróðri en að þau áhrif verði minniháttar.



Ferskvatnsöflun er fyrirhuguð innan svæðis sem skilgreint er sem hverfisverndað í aðalskipulagi, 807-Hv. Breytt áform framkvæmdaraðila fela í sér að hætt verður við fyrirhugaða vatnstöku á svæðum B og C við Þorvaldsdalsá og vatn eingöngu tekið innan svæðis A. Því er viðbúið að draga muni úr yfirborðsraski frá fyrri áformum. Samt sem áður telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar verði að nokkru leyti háð þeirri verktilhögun sem framkvæmdaraðili viðhafi og telur brýnt að ummerki eftir gröft lagna og vinnusvæði borplana verði lágmarkuð eins og frekast er unnt. Verði það raunin telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdirnar verði óveruleg og ekki til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á landslag né rýra útivistargildi svæðisins.

Viðbúið er að fyrirhuguð uppbygging muni breyta ásýnd þéttbýlisins við Árskógssand auk þess sem fyrirhugaðri uppbyggingu og starfseminni mun fylgja visst ónæði. Að mati Skipulagsstofnunar er fyrirhugað framkvæmdasvæði ekki viðkvæmt fyrir uppbyggingu af þeirri tegund sem fyrirhuguð er og telur stofnunin mögulegt að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdar með vönduðum frágangi.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu telur Skipulagsstofnun að áhrif af fyrirhugaðri breytingu á uppbyggingu eldisstöðvar Laxós á verði óveruleg og ekki til þess fallnar að hafa umtalsverð neikvæð áhrif.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. desember 2023.

Reykjavík, 6. nóvember 2023.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

